

Eldri persónuverndarstefnu [má finna hér](#) og fyrri útgáfu [má finna hér](#)

Persónuverndarstefna Signet

Advania Ísland ehf. („Advania“) leggur mikið upp úr því að tryggja öryggi persónuupplýsinga einstaklinga og farið er með allar persónuupplýsingar í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er fjallað í persónuverndarstefnu Advania, sjá nánar hér: www.advania.is/personuvernd. Með persónuverndarstefnu Signet er nánar útskýrt hvernig unnið er með persónuupplýsingar þínar í tengslum við þjónustu Signet undirritana, Signet transfer, Signet forms og/eða Signet team (hér sameiginlega vísað til sem „Signet“). Þá er einnig fjallað um hvar þú sem notandi getur nálgast þessi gögn og stjórnað aðgengi að þeim þar sem það á við.

Advania vinnur stöðugt að persónuverndarmálum og því gætum við uppfært þessa stefnu. Þú finnur nýjustu útgáfuna á þessari síðu. Þessi stefna var síðast uppfærð í ágúst 2023.

1. Hvenær og hvers vegna söfnum við persónuupplýsingum um þig?

Þegar skjöl eru send til undirritunar eða gögn eru send rafrænt með Signet er eftirfarandi upplýsingum safnað um notendur til að geta veitt þjónustuna með öruggum hætti. Signet fær gögnin beint frá þér sem notanda. Einnig nýtum við ákveðin gögn sjálfvirkt, t.d. virkni í einstökum hlutum Signet, upplýsingar um IP tölu, vafra o.fl.

1.1 Gögn sem koma beint frá notanda

Notendaupplýsingar	Til þess að geta notað Signet þarf að stofna aðgang sem inniheldur upplýsingar um einkvæmt auðkenni (til dæmis kennitala) og nafn. Valkvætt er að skrá inn upplýsingar um netfang og símanúmer notanda. Allar upplýsingar um notendur eru vistaðar í kerfum Signet á dulkóðuðu formi.
Skilaboð og tilkynningar	<p>Notendur Signet geta leitað að kennitölum væntanlegra undirritenda skjala eða móttakenda gagna og sent tilkynningu í tölvupósti á væntanlegan undirritanda/móttakanda. Tilkynningin inniheldur tengil á skjal sem bíður undirritunar eða gögn sem bíða móttöku.</p> <p>Signet sendir undirritendum sjálfvirka tilkynningu um skjal sem bíður undirritunar eða gögn sem bíða móttöku á það netfang sem notað var við innsendingu viðkomandi skjals.</p> <p>Innsendandi skjals/gagna fær sendar tilkynningar um undirritanir í tölvupósti ef innsendandi hefur skráð netfang sitt í Signet.</p>

Skjöl í undirritun	<p>Til að geta veitt þjónustuna vistum við skjöl og tengdar upplýsingar sem send eru í Signet til undirritunar. Skjölin ásamt tengdum upplýsingum eru dulrituð með þeim hætti að skjölin eru eingöngu aðgengileg undirritendum og þeim aðila sem sendir skjölin í undirritun. Innsendendur bera ábyrgð á þeim gögnum sem send eru inn í kerfið og Advania ber ábyrgð á að kerfið virki rétt.</p> <p>Notandi getur eytt skjölum sem notandinn hefur hlaðið inn og sent í undirritun. Signet eyðir sjálfkrafa öllum skjölum sem hafa verið 90 daga í kerfinu, sama í hvaða stöðu þau eru, þ.e. sama hvort þau hafa verið undirrituð eða ekki. Innsendandi getur hvenær sem er eytt skjölum úr Signet.</p>
Gögn í rafrænum flutningi	<p>Til að geta veitt þjónustuna vistum við gögn og tengdar upplýsingar sem send eru með rafrænum flutningi í Signet transfer. Gögnin ásamt tengdum upplýsingum eru dulrituð með þeim hætti að gögnin eru eingöngu aðgengileg móttakanda og þeim sem sendir gögnin. Innsendandi gagna ber ábyrgð á þeim gögnum sem send eru inn í kerfið og Advania ber ábyrgð á að kerfið virki rétt.</p> <p>Gögnum er eytt úr Signet transfer þegar móttakandi hefur sótt gögnin. Sendandi getur eytt gögnunum áður en þau hafa verið móttækin. Signet transfer eyðir sjálfkrafa öllum ósóttum gögnum eftir 90 daga í kerfinu.</p>
Greiðslugögn	<p>Ef áskrifandi nýtir greiðsluhluta Signet þá eru greiðsluupplýsingar skráðar ásamt stöðu greiðslunnar og hvenær krafa var greidd.</p>

1.2 Gögn sem eru sjálfvirkt unnin og vistuð

Kerfisgögn	<p>Tæknilegar upplýsingar um tölvuna þína eða snjalltæki, ss. IP vistfang, tegund búnaðar, stýrikerfisupplýsingar, vafra gerð, vafra tungumál og önnur kerfisgögn.</p> <p>Við söfnum upplýsingum um hvernig þú notar þjónustuna, aðallega með vefkökum. Mögulega söfnum við upplýsingum um IP tölur, tegund vafra, tækis, stýrikerfis sem þú notar eða aðgerðir sem þú framkvæmir við notkun þjónustunnar. Við notum þessar upplýsingar til að bæta þjónustu okkar við þig, þróa nýjar vörur, eiginleika og virkni sem og að tryggja öryggi þitt.</p>
------------	---

2. Vefkökur

Signet notar öruggar vefkökur sem eru dulritaðar af Signet og því ekki læsilegar öðrum en Signet. Vefkökur eru litlar skrár sem vefsíða Signet sendir á þína tölvu til að auðkenna þig og vista gögn fyrir vafrann á þinni tölvu.

Signet notar eftirfarandi vefkökur:

- ASP.NET_Sessionid er vefkaka sem geymir upplýsingar um núverandi tengilotu þína við Signet sem flýttir fyrir vinnslu og gætir öryggis. Þetta er lokutaka
- __RequestVerificationToken er vefkaka sem er notuð til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang að síðunni. Þetta er lotukaka

Þú getur stillt vafrann þinn til að láta þig vita ef að Signet er að setja vefkakaá þína tölvu, takmarkað virkni þeirra eða lokað á vefkökur alfarið. Ef þú lokar á vefkökur alfarið getur verið að hlutar Signet virki með öðrum hætti eða að virkni verði takmörkuð.

3. Til hvers eru gögnin nýtt

Signet nýtir sér persónugreinanlegar upplýsingar til að birta þér sýn á þín gögn, eiga samskipti við þig, greina vandamál, tryggja öryggi, endurbæta Signet og uppfylla kröfur sem reglugerðir og/eða lög kveða á um hverju sinni.

4. Hverjir fá aðgang að þínum gögnum í gegnum Signet

Aðgangur að gögnum þínum í Signet er bundinn við valinn sendanda og móttakanda gagna og/eða skjala. Eigandi Signet hefur ekki aðgang að þeim skjölum sem eru í kerfinu og getur því með engu móti afhent þau til þriðja aðila.

Ef þú notar Signet team geta aðilar sem eru í sama teymi og þú séð þau skjöl sem þú sendir frá teymisaðganginum.

Þú getur veitt samþykki þitt fyrir því að birta upplýsingar um netfang þitt og/eða símanúmer sem birtast áskrifendum Signet. Þegar þú samþykkir að birta slíkar upplýsingar, birtist netfang þitt og símanúmer sem sjálfgefin gildi þegar áskrifendur fletta þér upp, en innsendiaðili getur alltaf valið að yfirskrifa upplýsingarnar fyrir viðkomandi innsendingu. Þú getur alltaf afturkallað samþykki fyrir birtingu netfangs og/eða símanúmers undir síðunni „Mínar upplýsingar“.

Áskrifendur Signet hafa uppflettið aðgang að kennitölum einstaklinga í gegnum Þjóðskrá. Uppfletting á kennitölum er aðeins aðgengileg áskrifendum og þykir nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu undirritenda eða móttakenda og þ.m.t. örugga afhendingu gagna í gegnum Signet, sbr. 13. gr. laga nr. 90/2018.

Í þeim tilfellum að Signet verði hluti af samruna, kaupum, endurskipulagningu, sölu eigna eða gjaldþroti geta persónuupplýsingar þína flust til annars aðila en Advania.

Upplýsingar sem kerfið safnar eru ekki nýttar til að gera persónusnið um einstaklinga og persónuupplýsingum um notendur Signet er ekki miðlað til þriðja aðila.

5. Geymslutími gagna

Eftir að þú hefur auðkennt þig inn í Signet eða fengið sent skjal til undirritunar, varðveitir Signet á dulrituðu formi upplýsingar um kennitölu, nafn, upplýsingar um framkvæmd undirritunar og í einhverjum tilfellum netfang og símanúmer.

Þau skjöl sem send eru inn í Signet lifa þar að hámarki í 90 daga eftir að þau voru send inn. Kerfisgögn eru ekki persónugreinanleg.

6. Öryggi

Ytrasta öryggis er gætt við alla hönnun og rekstur Signet.

Bæði rekstur og hugbúnaðargerð Signet eru vottuð samkvæmt staðlinum ISO/IEC 27001 um stjórnun upplýsingaöryggis.

Signet gætir fyllsta öryggis við öflun og vistun gagna, og gerir viðeigandi ráðstafanir til að verjast því að óviðkomandi aðilar geti nálgast, breytt, miðlað eða eytt gögnum um þig sem Signet hefur aflað og vistað. Auðkenning gagnvart Signet byggir á notkun fullgildra rafrænna skilríkja, þannig er fullvissa fyrir því að réttir aðilar séu að auðkenna sig inn í kerfið. Fullgild rafræn skilríki eru einkvæm og varin með PIN sem handhafi skilríkjanna ber fulla ábyrgð á að varðveita og halda leyndu.

Fyrirtæki geta valið um að notendur þeirra að Signet team geti auðkennt sig með þeim aðgangi sem viðkomandi fyrirtæki hefur skilgreint fyrir notanda sinn í Microsoft Azure Active Directory (Azure AD). Í þeim tilfellum ber fyrirtæki notandans ábyrgð eigin öryggisstillingum í Azure AD ásamt því að bæði stofna og taka út aðganga að Signet team fyrir starfsmenn sína.

7. Þín réttindi

Þú hefur rétt á því að fá upplýsingar frá okkur um það hvernig persónuupplýsingar þínar eru nýttar af okkur og hvaða upplýsingar við höfum um þig. Þú hefur einnig rétt á því að uppfæra upplýsingar um þig þannig að þær séu réttar, óska eftir leiðréttingum eða að upplýsingum um þig sé eytt, enda sé ekki lengur ástæða til þess að við geymum þær. Nánar um réttindi þín má lesa í 15. – 21. gr. persónuverndarreglugerðarinnar.

Til að sjá hvaða persónuupplýsingar eru vistaðar um þig í Signet, smellir þú á valmyndina efst til hægri inni á www.signet.is og „Mínar upplýsingar“. Þar sérðu yfirlit yfir þær persónuupplýsingar sem eru vistaðar um þig í Signet. Þú getur breytt eða eytt upplýsingum um netfang og símanúmer. Þú getur einnig valið hvort upplýsingar um netfang og/eða símanúmer séu birt áskrifendum Signet. Viljir þú láta eyða út reikningi þínum getur þú sent beiðni um það á netfangið signet-help@advania.is.

Ef smellt er á “Yfirlit skjala” í Signet getur þú séð yfirlit yfir skjöl sem þú hefur sent í undirritun eða fengið send til að undirrita 90 daga aftur í tímann. Viljir þú eyða einhverjum af þessum skjölum úr Signet getur þú eytt þeim skjölum sem þú sendir sjálf/ur inn. Viljir þú láta eyða einhverjum af þeim skjölum sem þú hefur fengið send til undirritunar, skaltu senda boð um það til þess aðila sem sendi þér skjölin til undirritunar.

Vakni upp spurningar eða athugasemdir í tengslum við persónuverndarstefnu þessa eða vinnslu okkar, eða ef þú vilt kvarta yfir mögulegu broti á persónuverndarlögum skaltu hafa samband við okkur með því að hringja í síma 4409000 eða senda okkur tölvupóst á netfangið signet-help@advania.is eða personuvernd@advania.is. Fyrirspurninni verður svarað svo fljótt sem auðið er.

Þú hefur einnig alltaf rétt á því að beina kvörtun þinni til Persónuverndar í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

8. Mun þessi persónuverndarstefna breytast?

Advania áskilur sér rétt til þess að breyta og uppfæra persónuverndarstefnu þessa, t.d. vegna breytinga á lögum og reglum eða opinberum kröfum gagnvart okkur og meðhöndlun persónuupplýsinga. Við hvetjum þig því til þess að fylgjast reglulega með uppfærslum, en þær birtum við á vefsíðu okkar www.signet.is.